

## **Kostnaður vegna leikskóla- og skóladagvistar, og tómstunda barna.**

Langflestar barnafjölskyldur með ung börn nýta sér þjónustu leikskóla og daggæslu í skólum að loknum skóladegi. Kostnaður sem greiddur er fyrir þessa þjónustu getur verið stór hluti af ráðstöfunartekjum barnmargra og tekjulágra fjölskyldna. Sveitarfélögin hafa umsjón með dagvistun fyrir börn og er það alfarið í þeirra höndum að ákvarða niðurgreiðslur og greiðslupátttöku notenda fyrir þessa þjónustu. Engar opinberar viðmiðunarreglur eru til um greiðslupátttöku foreldra í dagvistunarkostnaði hér á landi og er þessi kostnaður mjög mismunandi eftir sveitarfélögum.

Alþýðusambandið hefur lagt á það áherslu að mikilvægt sé koma til móts við börn tekjuminni foreldra og draga umtalsvert úr gjaldtöku vegna leikskóla, gæslu grunnskólabarna, skólamáltíða og tómstundaiðkunar barna, til að gera börnum óháð efnahag foreldra kleift að stunda tómstundir. Fyrir tekjulægstu fjölskyldurnar getur kostnaður vegna dagvistunar barna í skólum og leikskólum verið stór hluti af ráðstöfunartekjum heimilisins. Hár kostnaður við tómstundaiðkun gerir það að verkum að börn úr þessum fjölskyldum hafa síður tækifæri til að iðka áhugamál sín en börn tekjuhærri foreldra. Hingað til hefur ekki verið mótuð heildstæð opinber stefna hér á landi sem miðar að því að draga úr aðstöðumun barna og unglunga á þessu sviði.

Hér verður fjallað um fyrirkomulag á gjaldtöku í leikskólum og skóladagvist í stærstu sveitarfélögum hér á landi og borin saman vistunargjöld mismunandi fjölskyldugerða. Fjallað er stuttlega um mismunandi leiðir í gjaldtöku og fjallað um þær leiðir sem Danir og Svíar hafa farið í niðurgreiðslu á dagvistunarkostnaði. Að lokum er fjallað um mótun heildstæða stefnu í málefnum barna og unglunga hér á landi

### **Uppbygging gjaldtöku**

Leikskólar flestra sveitarfélaga hafa almenna gjaldskrá fyrir hjón og sambúðarfólk og veita afslátt af vistunargjaldi til einstæðra foreldra og námsmanna. Nokkur sveitafélög veita afslátt til foreldra þar sem annað er í námi, en flest gera það þó ekki. Auk þessa er veittur systkinaafsláttur af vistunargjaldi ef foreldrar eiga fleira en eitt barn í leikskóla, þessi afsláttur er mismikill eftir sveitarfélögum. Enginn afsláttur er veittur af fæðisgjöldum.

Fyrirkomulag gjaldtöku fyrir síðdegisvistun grunnskólabarna er nokkuð mismunandi milli sveitarfélaga. Algengast er þó að greitt sé tímagjald eftir vistunartíma en víða er þó ákveðið lágmarksgjald. Einstæðir foreldra og námsmenn fá ekki afslátt af gjaldi fyrir skóladagvist í þeim sveitarfélögum sem skoðuð voru, nema á Akranesi, Seltjarnarnesi og í Skagafirði. Flest sveitarfélög veita afslátt til foreldra sem eiga fleiri en eitt barn í skóladagvist, en enginn systkina-afsláttur er veittur í Reykjavík, Reykjanesbæ og Garðabæ. Flestir grunnskólar bjóða nú upp á heita máltíð fyrir nemendur yngstu bekkja grunnskólans og er það nokkuð mismunandi hvort gjaldtaka fyrir máltíðirnar er samræmd innan sveitarfélagsins eða í höndum skólanna sjálfra. Yfirleitt er gert ráð fyrir því að gjaldtakan fyrir hádegisverðinn standi undir hráefniskostnaði, en skólarnir leggja til skarfsfólk og annað sem til fellur. Hvergi er veittur afsláttur af gjaldi fyrir hádegisverð.

Afsláttur milli þjónustustiga, þ.e. milli leikskóla og síðdegisvistunar grunnskólanna er veittur á Seltjarnarnesi, í Mosfellsbæ, Árborg, á Akranesi, í

Vestmannaeyjum og á Akureyri, en ekki í öðrum sveitarfélögum sem könnuð voru.

### **Samanburður sveitarfélaga**

Samanburður á gjaldtöku sem þessari er nokkuð flókinn þar sem uppbygging gjaldskrána og reglur um afslætti eru mjög mismunandi. Til að gera samanburð raunhæfan hafa verið sett upp dæmi af nokkrum fjölskyldugerðum og kostnaður þeirra vegna vistunargjalda í mismunandi sveitarfélögum borinn saman. Borinn er saman kostnaður í eftirtöldum sveitarfélögum; Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Akureyri, Reykjanesbæ, Garðabæ, Mosfellsbæ, Árborg, Akranesi, Seltjarnarnesi, Vestmannaeyjum og Fjarðarbyggð. Gjaldskrá leikskóla á Ísafirði er tekjutengd og er því ekki höfð með í samanburðinum. Lögð hefur verið fram tillaga fyrir bæjarráð Akureyrar þess efnis að eitt gjald verði fyrir alla óháð fjölskylduformi í leikskólum Akureyrabæjar frá 1. maí n.k. Í dæmunum er tekið tillit til afsláttar fyrir einstæða foreldra og systkinaafsláttar. Nákvæmari sundurliðun á kostnaði fjölskyldnanna í dæmunum má sjá í viðauka I.

#### **Fjölskylda 1:**

*Hjón með eitt leikskólabarn sem dvelur 8 stundir á dag í leikskóla og fær fullt fæði og eitt grunnskólabarn sem er 2 klst. á dag í síðdegisvistun og fær heita máltíð í skólanum.*

Vistunar og fæðisgjöld þessarar fjölskyldu í samanburðarsveitarfélögunum er allt frá 32.760 kr. á mánuði í Fjarðarbyggð til 43.260 kr. í Garðabæ.

#### **Fjölskylda 2:**

*Einstætt foreldri með eitt leikskólabarn sem dvelur 8 stundir á dag í leikskóla og fær fullt fæði og eitt grunnskólabarn sem er 2 klst. á dag í síðdegisvistun og fær heita máltíð í skólanum.*

Vistunar og fæðisgjöld þessarar fjölskyldu í samanburðarsveitarfélögunum er allt frá 26.573 kr. á mánuði á Akranesi til 35.964 kr. í Garðabæ.

#### **Fjölskylda 3:**

*Hjón með tvö börn 2 og 5 ára sem dvelja 8 stundir á dag í leikskóla og fá fullt fæði.*

Vistunar og fæðisgjöld þessarar fjölskyldu í samanburðarsveitarfélögunum er allt frá 41.083 kr. á mánuði í Fjarðarbyggð til 53.155 kr. í Kópavogi.

#### **Fjölskylda 4:**

*Einstætt foreldri með tvö börn 2 og 5 ára sem dvelja 8 stundir á dag í leikskóla og fá fullt fæði.*

Vistunar og fæðisgjöld þessarar fjölskyldu í samanburðarsveitarfélögunum er allt frá 26.208 kr. á mánuði í Reykjavík til 39.586 í Kópavogi.

Ísafjarðabær er eina sveitarfélagið af þeim sem skoðuð voru sem hefur tekið upp tekjutengingu leikskólagjalda í stað þess að veita ákveðnum fjölskyldugerðum afslátt og geta þar allar fjölskyldur með tekjur undir ákveðnum viðmiðunarmörkum sótt um afslátt á leikskólagjöldum. Þessi leið

tryggir að sá hópur sem raunverulega hefur lægstu tekjurnar njóti hæstra niðurgreiðslna þó vissulega sé það mun flóknara í framkvæmd en sú leið sem flest sveitarfélögin fara, að veita ákveðnum fjölskyldugerðum afslátt óháð tekjum. Akureyrabær hyggst frá og með 1. maí n.k. fella niður afsláttakerfi í leikskólum og hafa aðeins eitt samræmt gjald fyrir alla hópa og segir í tilkynningu frá bænum að þessi leið eigi að koma til móts við barnafjölskyldur og tryggja að gjaldtaka sé óháð fjölskylduformi. Reykjavíkurborg tók í fyrra upp 4 stunda gjaldfrjálsa vistun fyrir 5 ára leikskólabörn og hefur nú nýverið kynnt hugmyndir um að gera leikskólavist í borginni gjaldfrjálsa í áföngum fram til ársins 2008.

### **Kostnaður við tómstundir**

Tómstundaiðkun barna og unglunga er einnig stór kostnaðarliður hjá mörgum fjölskyldum. Fullt nám í tónlistarskóla kostar á bilinu 50 til 60 þúsund krónur á ári og æfingargjöld hjá íþróttafélögunum eru víða á bilinu 30 til 40 þúsund krónur fyrir árið og algengt er að kennsla í dansskóla kosti á bilinu 50-60 þúsund á ári. Auk æfingargjalda er algengt að greiða þurfi sérstakleg fyrir ýmsar ferðir og mót sem tekið er þátt í. Þá eru ónefnd hin ýmsu námskeið sem algengt er að börn sæki á sumrin þegar frí er í skólum. Víða er veittur einhver afsláttur ef foreldrar greiða fyrir fleira en eitt barn á sama stað. Ljóst er að fyrir barnmargar og tekjulágar fjölskyldur er þetta kostnaður sem erfitt getur reynist að standa undir.

### **Greiðslupátttaka í dagvistunarkostnaði í nágrannalöndunum.**

Í Danmörku eru dagvistunarmál í höndum sveitarfélaga (kommune) sem ákvarða gjaldskrár innan þess ramma sem Ráðuneyti fjölskyldumála (Ministeriet for familie- og forbrugeranliggender) setur um greiðslupátttöku. Greiðslupátttaka foreldra vegna dagvistunar barna skal að hámarki vera 30 % af rekstrarkostnaði. Greiðslupátttakan er tekjutengd og fer stig minnkandi við heimilistekjur undir DKR. 395.900 á ári. Þau heimili sem hafa tekur undir DKR. 127.600 á ári greiða ekkert fyrir dagvistunina. Gjaldtaka vegna skóladagvistunar og tómstunda á vegum sveitarfélaga fyrir eldri börn er einnig tekjutengd og uppbyggð með svipuðum hætti en þar er greiðslupátttaka foreldra með tekjur yfir DKR.395.900 á ári 100%, fer stig minnkandi eftir tekjum og fellur niður við heimilistekjur undir DKR. 127.600.

Í Svíþjóð eru dagvistunarmál einnig í umsjá sveitarfélaga (kommuner). Frá árinu 2002 hefur sænska ríkisstjórnin gefið út sk. hámarkstaxta (maxtaxa) til sveitarfélaga vegna gjaldtöku fyrir dagvistun barna. Sveitarfélögin hafa þó ákveðið svigrúm innan hans til þess að ákvarða sjálf gjaldtöku. Kerfið byggist á því að gjöldin eru tekjutengd fyrir heimili með tekjur undir SEK. 42.000 á mánuði og óháð vistunartíma barnanna. Greitt er 3% af tekjum heimilisins upp að SEK. 42.000 fyrir fyrsta barn, 2% fyrir annað barn, 1% fyrir þriðja og ekkert fyrir fjórða barn í fjölskyldu. Hámarks gjald er því SEK. 1260 fyrir fyrsta barn, SEK. 840 fyrir annað og SEK. 420 fyrir þriðja barn. Flest sveitarfélög nýta sér þann möguleika að hafa gjaldið breytilegt eftir vistunartíma en þó er einnig stór hluti sem nýtir ekki þann möguleika.

Samskonar hámarkstaxtar eru notaðir í skóladagvistun fyrir 6-12 ára börn og er þar greitt að hámarki 2% af tekjum allt að SEK. 42.000 fyrir fyrsta barn, 1 % fyrir annað og þriðja barn og ekkert er greitt fyrir fjórða barn. Í flestum

sveitarfélögum eru gjaldskrár fyrir skóladagvistunina ekki breytilegar eftir vistunartíma.

### **Heildstæð stefna í málefnum barna og unglunga**

Í maí 2001 ályktaði Alþingi að fela ríkisstjórninni undirbúning á heildstæðri stefnu í málefnum barna og unglunga. Markmið stefnumótunarinnar skildi vera að tryggja hag og velferð barna og unglunga á öllum sviðum þjóðlífsins og búa þeim sem best og jöfnust skilyrði til uppvaxtar og þroska. Var í framhaldinu skipuð nefnd sem leggja skyldi fram tillögur að stefnu í málefnum barna og ungmenna og skilaði sú nefnd nýverið skýrslu með tillögum sínum. Í þeim er m.a. bent á að barnanefnd Sameinuðu þjóðanna hafi beint þeim tilmælum til íslenskra stjórnvalda á fundi í janúar 2003 að móta þyrfti heildræna stefnu í málefnum barna og stefnumótun sveitarfélaga í fjölskyldumálum og starfsemi. Nefndin leggur í tillögunum fram nokkur yfirgripsmikil markmið sem brýnt er að vinna að. Meðal þess sem hún fjallar um er nauðsyn þess að stuðningur hins opinbera við efnaminni barnafjölskyldur sé skilvirkur og nefnir hún m.a. í tillögum sínum að sveitarfélögin skuli leita leiða til að lækka gjöld fyrir skólaþjónustu, tómstundastarf og leikskólavist í því skyni að koma í veg fyrir að efnahagur foreldra hafi áhrif á möguleika barna og unglunga til félagsstarfs, íþróttar, lista og menningar. Forsætisráðherra skipaði nýverið nefnd sem meta á stöðu íslensku fjölskyldunnar og er þeirri nefnd ætlað að yfirfara þær tillögur sem lagðar hafa verið fram um stefnumótun í málefnum barna og ungmenna. Mikilvægt er að skipun þessarar nefndar skili sér í raunverulegri heildstæðri stefnu sem jafnar aðstöðumun barna og unglunga og kemur þeim og fjölskyldum þeirra til góða.

